

Chris Matthews og átrúnaðurinn á orð kvenna

Það hefur varla farið framhjá nokkrum manni, að senn fara í hönd forsetakosningar í landi hinna frjálsu, Bandaríkjum Norður-Ameríku. Söguhetjurnar í þessari örsögu eru lagaprófessorinn, Elizabeth Ann Warren, (f. 1949), fyrrum forsetaframbjóðandi Lýðræðisflokksins (demókrata), og hinn eitilharði fjölmiðlamaður, Christopher (Chris) John Matthews (f. 1945), sem stjórnað hefur þættinum „fréttanaglinn“ (Hardball) fyrir norður-amerísku stöðina, MSNBC. Einnig er nefndur til sögu auðkýfingurinn, Michael Rubens Bloomberg (f. 1942), fyrrum borgarstjóri Nýju Jórvíkur (NY). Í kosningarbaráttunni núði Elísabet honum því um nasir, að hann hefði kallað konur „lessur með hrosshaus“ og „fitubollur.“ (Þetta gæti verið Klausturbarstungutak.) Syndaskráin var ekki tæmd. Vanfær starfsmaður bar á Mikjál þá sök að hafa svarað „dreptu það [fóstrið],“ þegar hún skýrði frá ástandi sínu. (Það er forvitnilegt í þessu sambandi, að takmarkalaugar fóstureyðingar eru kappsmál kvenfrelsara eins og Katrínar Jakobsdóttur og VG.)

Í viðtali Chris við Elísabetu bar þetta á góma. Chris innti viðmælanda sinn eftir því, hví hún hefði heldur trúað konunni, sem um ræddi, en ekki Mikjáli. Elísabet taldi sjálfgefið að trú á ætti konunum ekki síst í ljósi þeirrar mismununar, sem barnshafandi konur yrðu fyrir. Hún hljóp upp á nef sér, þegar Chris neitaði að láta gott heita. Það olli ógnarlegu fjaðrafoki og straumhvörfum í lífi hans. Málsmetandi kvenfrelsarar fóru hamföllum.

Blaðamaðurinn, Laura Duca, sagði spurningar Mikjál bera vott um „vitskerðingu.“ „Hann er í raun ófær um að meðtaka, [að konum] skuli trú.“ Jessica Valenti: „Í sannleika sagt er það smánarlegt, að Chris Matthews sé enn í fjölmiðlum (in the air).“

Shauna Thomas, forsprakki „Hinna skærjólubláu“ (UltraViolet), aðgerða- og áróðurshóps kvenfrelsara, sagði : „MSNC ætti láta Chris Matthews taka pokann sinn strax í dag. Í ljósi þráa hans við að trú á konum og sögu kynferðislegrar áreitni, er morgunljóst, að hann sé ekki fær um að fjalla um þessar kosningar.“

Ritstjóri kynjamála hjá dagblaðinu, Washington Post (annálað fyrir kvenfrelsunarhollustu), Monica Hesse, sagði: „Það ríður í raun ekki á að vita, hvort Bloomberg hafi logið til um tiltekið atvik til að sjá fjarstæðukenndar hliðar samtalsins. Hvorki Warren né Matthews voru til staðar, þegar orðin, sem staðhæft var að hefðu fallið, „dreptu það,“ voru sögð. En Matthews var umsvifalaust reiðubúinn til að trú á Bloomberg eða að minnsta kosti ... rak hann í rogastans yfir því, að Warren gerði það ekki.“ (Það sagði M reyndar ekki.) „Sú trú, að konum sé um megn að halla réttu máli, merkir ekki, að konur skrökvi aldrei. Það felur í sér viðurkenningu þess, að karlmenn geri það stundum líka. ... Það er engin ástæða til að óttast „ég-líka“ vígorðið; „trúum konunum.“ ... Þessir eiginleikar - að vera valdamikill og virðast notalegur náungi – eru ekki vísbendingar um sakleysi; það eru einmitt þeir eiginleikar, sem sögunni samkvæmt [hafa verið forsendur] áreitni án ámælis.“ (Þetta er algjör rökfærsluhöfuðverkur!)

Rebecca Traister tók í svipaðan streng grein í tímaritinu, „Rista“ (The Cut): „Síðustu kappræður endurspegluðu þá niðurdrepandi (exhausting) tilhneigingu í samfélaginu að leggja ekki trúnað á það, sem konur segja. Við ættum að hvetja [konur] til að tjá sig oft og leggja

við hlustir í alvöru, þegar þær opna munninn. ... Það er löngu tímabært [að leggja trúnað á það, sem konur segja] og leiðréttu [þar með], að valdamiklir karlar hafi notið vafans, hvað eftir annað.“

Fjölmiðlamaðurinn, Laura Basset, bætti um betur, og skýrði frá kynferðislegri áreitni af hendi Mikjáls, þegar þau unnu saman. Einu sinni hafði hann með aðdáun í röddinni sagt: „Hvernig má það vera, að ég hafi enn ekki orðið skotinn í þér.“ Laura fullyrtaði, að Mikjáll hefði margsinnis hlutgert konur og sýnt lítillsvirðingu fyrir útsendingar og meðan á þeim stóð.

Þrýstingurinn varð of mikill fyrir sjónvarpsstöðina. Graðnaglinn og hausarinn, Mikjáll, var látinn sigla sinn sjó með afsökunarbeiðni uppi í erminni, bæði við annan frambjóðanda Lýðræðisflokksins, Bernie Sanders, og konur yfirleitt. Rödd hans þagnaði.

En sumir hafa efasemdir um heilindin. Amber Athey, fréttamaður hjá „Dagsgestinum“ (Daily Caller) lét t.d. hafa eftir sér: „Einasta ástæða þess, að vinstrihreyfingin leggur áherslu á téðar staðhæfingar, er sú, að hann [Mikjáll] dvelji við kröfu Elizabeth Warren um, að konum skuli trúá skilyrðislaust.“

Fyrrum enskuprófessor, Janice Fiamengo, bendir á, að „það sé orðið að sjálfgefnu rökfærslulögmáli að trúá konum – það jafngildir í sjálfu sér fölskvalausri trú á yfirburði kvenna. Sú staðreynd, að [óvefengjanlegt sannleiksgildi orða kvenna] sé viðurkennt sem gilt vígorð í stjórnmalabaráttunni, svo ekki sé minnst á hollustu milljóna kvenna og karla við það, er makalaust tímanna tákni um karlfjandsamlega hugsun.“

Það er hollt að minnast þess, að átrúnaður á orð kvenna og fórnarlambsstöðu þeirra, er orðinn að heimsátrúnaði. Átrúnaðurinn endurspeglar t.d. í stefnuskrá VG og í látlausri orðabunu kvenfrelsunarforsætisráðherra vor, Katrínar Jakobsdóttur, og heilbrigðismálaráðherra, Svandísar Svavarsdóttur, um efnið. Þá var sett á stofn áróðursstofnun innan vébanda Sameinuðu þjóðanna, „Konur SP“ (UN Women), sem vinnur slagorðinu brautargengi. Stofnunin hefur útibú á Íslandi. Stella Samúelsdóttir, er forstýra þess. Stella segir í blaðagrein: „Við verðum að hætta að rengja trúverðugleika þolenda [kvenna] ...“

<https://www.foxnews.com/media/feminists-chris-matthews-firing-warren>